


# VÍSSENDING

Vikurit um viðskipti og efnahagsmál



51. tölublað · 22. árgangur · 2004

Verð 699,- M/VSK




5 690310 023179

Í Grikklandi hinu forna stóð orðið mythos fyrir munnlega tjáningu, þ.e. orð, ræðu eða sögu sem sögð var í mæltu máli. Smám saman fór þó orðið að eiga við um skáldlega lýsingu á atburðum. Orðið hefur afbakast svo mikið að nú tengist orðið „mýta“ ofvöxnu ímyndunarafla eða einhverju sem fólk trúir að sé satt þó að enginn fótur sé fyrir því. Í nútímamáli eru mýtur einhvers konar „sannleikur“ sem er einungis byggður á

# ÍSLENSKAR MÝTUR

trú um að það sé „sannleikur“. Vísindahyggjan hefur að mörgu leyti orðið til þess að afsanna slíkar mýtur með rannsóknum. En jafnvel í hinum lærdustu vísindum verða til mýtur og oft er tilvist þeirra fölgín í „vísindalegum“ rökstuðningi sem er lítið annað en skáldskapur þegar betur er að gáð. Sumar mýtur eru skemmtilegar, eins og sú að Newton hafi uppgötvað þyngdaraflið þegar hann fékk epli í hausinn, og lítil ástæða til þess að afsanna þær, en aðrar mýtur eru þess eðlis að þær standa í vegi fyrir framförum, eins og þegar menn héldu því fram að jörðin væri flöt og sigling út fyrir sjóndeildarhringinn væri þess vegna sjálfsmorðsleiðangur. Trúgirnir manna gerir það að verkum að sumar mýtur fá lífað um langa tíð og geta jafnvel orðið mönnum leiðarljós sem leitt getur þá á villigötur. Það er þess vegna mikilvægt að reyna að kveða niður mýtur, ekki hvað síst í íslenskum veruleika þar sem álfar og tröll ganga á meðal okkar. Vísibending fékk sex sérfræðinga til þess að nefna nokkrar mýtur á sínu sérsviði og útskýra af hverju það eru mýtur. Afraksturinn er skemmtilegur.

## BALDUR ÞÓRHALLSSON



### 1. Fjórflökkurinn er dauður.

**Reyndin:** Það má færa rök fyrir því að fjórflökkurinn lifi góðu lífi, þ.e. að Samfylkingin sé jafnaðarmannaflokkur Íslands eins og Alþýðuflokkurinn var og að Vinstri-hreyfingin grænt framboð sé sósíalískur vinstri-flokkur og sá flokkur sem er lengst til vinstri á vinstri-hægri kvarðanum eins og Alþýðubandalagðið var á sínum tíma.

### 2. Það er enginn munur á stefnu repúblikana og demókrata í Bandaríkjunum, þ.e. enginn munur er á stefnu Bush, forseta Bandaríkjanna, og Kerrys, fyrrverandi forsetaframbjóðanda demókrata.

**Reyndin:** Það er mikill munur á afstöðu Bush og Kerrys í fjölda málaflökka, t.d. í skattamálum, aðkomu ríkisins að heilbrigðismálum og umhverfismálum, afstöðu til dauðarefsinga og byssueignar og afstöðu til réttinda kvenna og samkynhneigðra.

### 3. Kjósendur láta glepjust af auglýsingaflóði stjórnmálaflökka og kjósa á grundvelli áróðursauglýsinga en ekki á grundvelli þeirra málefna sem flokkarnir standa fyrir.

**Reyndin:** Kosningarannsóknir sýna að það er fylgni á milli afstöðu kjósenda til einstakra málefna og þess hvaða flokk þeir kjósa.

### 4. Hugtökin vinstri og hægri eru úrelt í hugarheimi kjósenda.

**Reyndin:** Kosningarannsóknir sýna að kjósendur eigi nokkuð auðvelt með að staðsetja sig á vinstri-hægri kvarða stjórnmálanna.

### 5. Smárikjum gengur verr efnahagslega og pólitískt en stærri ríkjum.

**Reyndin:** Smærri ríkjum gengur mun betur efnahagslega en þeim stærri og það er ekki hægt að greina meiri pólitískan óstöðugleika í smárikjum en í stærri ríkjum.

### 6. Langflestir kjósendur Framsóknarflokksins búa á landsbyggðinni.

**Reyndin:** Um helmingur kjósenda Framsóknarflokksins koma úr gömlu kjördæmunum Reykjavík og Reykjanesi.

### 7. Íhaldsmenn í Evrópu hafa meiri efasemdir um ágæti Evrópusamrunans en vinstrimenn.

**Reyndin:** Íhaldsmenn áttu stóran þátt í því að koma Evrópusamrunanum á skrið eftir seinni heimsstyrjöldina og íhaldsmenn á hinum Norðurlöndunum áttu frumkvæði að þátttöku landanna í samrunaþróun Evrópu.

### 8. Það að vera þjóðernissinni og styðja samrunaþróun Evrópu fer ekki saman.

**Reyndin:** Margir Skotar og Katalónubúar eru miklir þjóðernissinnar og vilja sjálfstæði en tala eindregið fyrir aðild Skotlands og Katalónu að Evrópusambandinu.

### 9. Eftir síðustu kjördæmabreytingu er misvægi atkvæða milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins svipað og gerist víða erlendis.

**Reyndin:** Misvægi atkvæða hér á landi er enn eitt það mesta sem gerist í ríkjum Vestur-Evrópu.

### 10. Norðurlöndin standa ávallt saman innan Evrópusambandsins.

**Reyndin:** Norðurlöndin hafa ólíkra hagsmuna að gæta og hvert og eitt þeirra vinnur fyrst og fremst á grundvelli sinna eigin hagsmuna innan sambandsins. ●

MÝTUR Í STJÓRN MÁLUM

## GYLFI MAGNÚSSON



### 1. Þótt allir aðrir pýramídar séu svindl og svínari þá er ég búinn að finna upp einn sem virkar og þú getur fengið að taka þátt í gegn hóflegu gjaldi ...

**Reyndin:** Vík burt, Satan! Einu pýramídamir sem eru skoðunar virði eru úr grjóti og í Egyptalandi.

### 2. Hagnaður eins er tap annars.

**Reyndin:** Viðskipti búa til verðmæti svo að oftast er svigrúm fyrir alla samningsaðila til að hagnast. Eins dauði er því ekki annars brauð nema í rekstri útfarastofa.

### 3. Verðtrygging er slæm fyrir lántakendur.

**Reyndin:** Verðtrygging dregur úr áhættu lánveitenda og þar með væntanlega þeirri áhættuþökun sem þeir gera kröfu um. Hún verður því alla jafna til þess að lántakendur fá betri kjör en ella. Eina vonin til þess að óverðtryggt lán séu almennt hagstæðari fyrir lántakendur er ef lánveitendur vanmeta verðbólgu kerfisbundið.

### 4. Stærri bankar eru hagkvæmari.

**Reyndin:** Eriendar rannsóknir benda ekki til þess að ganga megi að aukinni stærðhagkvæmni víðri þegar bankar sameinast. Hættur gætu þó verið þegar tveir viðskiptabankar sem starfa á sama markaði sameinast. Stærðhagkvæmni eða samlegðaráhrifa gætu mun síður, ef nokkuð, þegar viðskiptabankar sem starfa á mismunandi mörkuðum sameinast eða þegar viðskiptabanki og fjárfestingabanki sameinast.

### 5. Markaðsverð endurspeglar fyrst og fremst efnahagsstærðir.

**Reyndin:** Markaðsverð sveiflast mun meira en breytingar á efnahagsstærðum réttlæta, hvort heldur lítið er til hlutabréfaverðs, gengis gjaldmiðla eða fasteignaverðs.

### 6. Ráðgjafar gefa ráð.

**Reyndin:** Það gefur enginn neitt en flestir hafa eitthvað að selja.

### 7. Apar geta sett saman eignasöfn jafnvel og sérfræðingar.

**Reyndin:** Sérfræðingar hafa eitthvert forskot á apana. Hvort sem sérfræðingarnir geta fundið vanmetnar eða ofmetnar eignir eður ei ættu þeir a.m.k. að geta náð betri og skynsamlegri áhættu-dreifingu. Sérfræðingarnir eru líka þrífalegri. Aparnir eru hins vegar ódýrari í rekstri.

### 8. Hlutabréf eru örugg fjárfesting til langs tíma.

**Reyndin:** Óvissa um uppsafnaða ávöxtun hlutabréfa vex með tíma. Þess utan er ekki víst að tími vinnist til að sitja af sér allar lækkanir, því að eins og Keynes lávarður benti á, þá hrökkva allir upp af þegar til lengdar lætur, þ.m.t. Keynes lávarður.

### 9. Það eru verðmæti á bak við peninga.

**Reyndin:** Nixon, blessuð sé minning hans, batt enda á það þegar hann tók Bandaríkjadollar af gullfæti. Nú stendur ekkert á bak við þúsundkallinn nema ef vera skyldu tveir fimfhundruðkallar.

### 10. Tæknigreining virkar.

**Reyndin:** Það hefur engum tekist að sýna fram á að tæknigreining sé ekki tímasóun. Ef þú trúir þessu ekki þá er ég hérna með pýramída sem þú gætir haft áhuga á að kaupa ... ●

### 1. Íslendingar eru laglegir.

**Reyndin:** Þeir voru einu sinni vestur-eyrópsk miðlungshjöld hvað fegurð varðar. Ameríkanisering síðustu ára hefur gert þá að þriðju ljótustu þjóð Vestur-Evrópu á eftir Írum og Bretum. Til að stæla hina helgu Kana lifa Íslendingar á pizzum og sitja íon og don í bílum. Og afleiðingin? Það er sjónmengun að flestum Frónbúum! Til að gera illt verra gæti ljótleikinn bitnað á túr-hesta-iðnaðinum. Hver vil ferðast innan um forljótur herfur og ófrýnilega karlmenn?



## STEFÁN SNÆVARR

### 2. Íslendingar eru gáfaðir.

**Reyndin:** Ameríkaniseringin hefur gert Íslendinga að andlausum aumingjum. Þeir eiga Evrópumet í forheimskandi glápi á amerískt sjónvarps- og bíórusl. Þessi forheimskun gæti orðið efnahagslífinu fjötur um fót. Ástæðan er sú að nútímahagkerfi byggist á fróðleik fremur en öðru, andleysingjar eru dragbítar á því.

### 3. Hagfræði er mikil vísindi.

**Reyndin:** Sterk rök hniga að því að hagfræðikennningar séu óprófanlegar eða sjálfsgöð (ósannindi). En þeir fáu Íslendingar sem á annað borð þykjast hugsa gapa upp í ábúðarmikla hagfræðinga sem messa í fjölmiðlum sýnt og heilagt.

### 4. Því frjálari sem markaðurinn er, þeim mun blómlegra er efnahagslífið.

**Reyndin:** Þetta er hagfræðikennning og illprófanleg. Að svo miklu leyti sem hún er það þá bendir margt til þess að hún sé röng. Nýja-Sjálaland innleiddi frjálst markaðskerfi eftir bókinni og lenti í djúpri efnahagslæð fyrir viknið. En góður árangur Singapúrs og Hong Kongs gæti bent til hins gagnstæða.

### 5. Hnattvæðingin leiðir til hagsældar og er óstöðvandi.

**Reyndin:** Aftur er á ferðinni illprófanleg hagfræðikennning og því erfið að ráða í þessar rúnir. Margt bendir til þess að hnattvæðingin gæti leitt til ringulreiðar, efnahagshruns og umhverfisslysa. Verði svo mun hún stöðvast af sjálfri sér.

### 6. Það er herkostnaður af íslenskri tungu, taka ber upp ensku í staðinn.

**Reyndin:** Það er afar erfið að reikna út kostnað eða gróða af tungumálum. Trúin á að slíkt sé kleift stafar af dýrkun á hagfræði. Trúin á ensku stafar af sannfæringu um að hnattvæðingin muni halda áfram og ekki verða kínversk í framburði sínum. Ekki bætir úr skák að þjóðin færi á hausinn ef hún gerðist enskumælandi. Þýða yrði öll lög og allar skýrshur á ensku, fólk yrði að skipta um nafn og breyta yrði staðarheitum. Kostnaðurinn yrði geigvænlegur.

### 7. Vallarkaninn hefur malað Íslendingum gull.

**Reyndin:** Setuliðsvinnan eyðilagði vinnusiðferðir og skapaði morkið kerfi vinnusvika sem þjakar íslenskt efnahagslíf enn í dag. Til að gera illt verra leyfðu Íslendingar sér efnahagslegt ábyrgðarleysi áratugum saman því að þeir trúðu því innst inni að Kaninn myndi redda þeim. Í ofanálag á áður nefnd forheimskun (og forljótun) sér rætur í nærveru Vallarkanans. ●